

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 199/2018

2021/EES/15/27

frá 21. september 2018

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2384 frá 19. desember 2017 þar sem tilgreind eru tækniatriði viðhengisins fyrir árið 2019 um vinnuskipulag og tilhögun vinnutíma að því er varðar vinnumarkaðskönnunina samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 18ax (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1851) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18ay. **32017 R 2384**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2384 frá 19. desember 2017 þar sem tilgreind eru tækniatriði viðhengisins fyrir árið 2019 um vinnuskipulag og tilhögun vinnutíma að því er varðar vinnumarkaðskönnunina samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtið. ESB L 340, 20.12.2017, bls. 35).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2384, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 340, 20.12.2017, bls. 35.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.